

Fjölskylduráð 15. janúar 2016

Kynning á stöðu Rai home care

RAI-mat (Raunverulegur aðbúnaður íbúa) er alþjóðlegt mælitæki til að meta heilsufar, hjúkrunarþarfir og þörf skjólstaðinga fyrir þjónustu. Mælitækið er þróað í Bandaríkjunum og Kanada, en hefur verið þýtt og staðfært víða um heim.

Hafnarfjarðarbær hóf notkun mælitækisins í janúar 2015 og hafa **137 einstaklingar** verið metnar skv. Rai Home Care. 13 einstaklingar drógu umsókn sína tilbaka, létust eða aðrar aðstæður sem lágu að baki.

Fjöldi einstaklinga eftir mati:

Maple 1:	Maple 2:	Maple 3:	Maple 4:	Maple 5:
59 einstakl.	2 einstakl.	31 einstakl.	20 einstakl.	12 einstakl.

Niðurstaða mats getur verið á skalanum 1-5.

Maple 1-2: Einstaklingur er metinn með *litla þörf fyrir þjónustu / engin þörf fyrir opinbera þjónustu*. Umsókn er lögð fyrir teymisfund Stoðþjónustuteymis og metin út frá þverfaglegum þáttum.

Maple 3-5: Umsókn er samþykkt og þjónusta hefst eins fljótt og auðið er. Þegar niðurstaða mats er 4-5 er umsókn metin til heimahjúkrunar. Matið gefur því einnig vísbindingar um þörf f. hjúkrunar- eða dvalarrými.

Eins og fram hefur komið voru 137 einstaklingar metnir skv. Rai Home Care. 61 einstaklingar voru metnir með maple 1-2 og umsóknir þeirra lagðar fyrir fundi Stoðþjónustuteymis. Af þessum 61 einstaklingum var samþykkt að veita 31 einstaklingum tímabundna þjónustu vegna sérstakra aðstæðna. 30 einstaklingum hefur því verið synjað um þjónustu og þar af voru tveir einstaklingar sem áfrýjuðu niðurstöðunni til Fjölskylduráðs Hafnarfjarðar, sem hnekkti niðurstöðunni og samþykkti að veita einstaklingunum þjónustu.

Lokaorð

Reynsla starfsfólks Fjölskylduþjónustunnar af notkun mælitækisins er afskaplega góð einkum vegna þess að það hefur veitt bæði starfsmönnum og þjónustuþegum öryggi og leiðir til þess að þjónustan verði markvissari til hagsmuna fyrir þjónustuþegann. Við mat á umsóknum er ekki lengur eingöngu stuðst við huglægt mat starfsmanns heldur gefur mælitækið vísbindingar um þjónustuþörf út frá svörum þjónustuþegans.

Hafnarfirði, 15. janúar 2016
Sjöfn Guðmundsdóttir
Soffía Ólafsdóttir